

# Tillögur að breyttum samþykktum ÍFHK

til samræmis við kröfur Fyrirtækjaskrár.

Texti merktur **gulu** er nýr. Texti út núverandi samþykktum / lögum félagsins er ekki litaður. Greinanúmer merkt **grænu** endurspeglar breyttar samþykktir verði breytingar samþykktar.

## 1. grein:

Félagið heitir Íslenski Fjallahjólaklúbburinn, skammstafað ÍFHK.

Verður:

Félagið heitir Íslenski Fjallahjólaklúbburinn, skammstafað ÍFHK. **Kennitala 600691-1399.**

## 2. grein:

ÍFHK eru sjálfstæð og óháð samtök.

Verður:

ÍFHK eru sjálfstæð og óháð **félagasamtök um eflingu hjólræiða. ÍFHK stendur ekki að atvinnurekstri.**

## 3. grein:

Póstfang er Brekkustígur 2, 101 Reykjavík.

Breyting:

**Þessi grein dettur út og pósthfang fylgir kennitölunni í 1. grein.**

## 4. grein:

Markmið félagsins er að auka reiðhjólnotkun og vinna að bættri aðstöðu fyrir þá sem hjóla og að vinna að eflingu og framgangi ferðalaga og samgangna á reiðhjólum hérlendis. ÍFHK standi meðal annars fyrir útgáfu- og fræðslustarfsemi til að kynna stefnu sína og markmið.

Verður:

## 3. grein:

**Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að** vinna að aukinni reiðhjólnotkun og bættri aðstöðu fyrir þá sem hjóla og vinna að eflingu og framgangi ferðalaga og samgangna á reiðhjólum hérlendis. ÍFHK standi meðal annars fyrir útgáfu- og fræðslustarfsemi til að kynna stefnu sína og markmið.

Ný 4. grein verður:

Félagsaðild: Allir 18 ára og eldri geta gerst félagar. Fjölskyldur geta valið fjölskylduáskrift. Unglingum 16-18 ára er heimil aðild með samþykki forráðamanns.

5. grein: Tekjur ÍFHK eru: 1. Félagsgjöld sem ákveðin eru á aðalfundi ár hvert. 2. Framlög frá stuðningsaðilum. 3. Aðrar tekjur.

Breyting:

Þessi grein fellur út 8. grein tekur við.

6. grein: Reikningsár félagsins er 1. október - 30. september.

7. grein: Hafi félagsmaður ekki greitt félagsgjald fyrir aðalfund, hefur hann ekki atkvæðisrétt á aðalfundi og er ekki kjörgengur í stjórn og nefndir.

Greinar 6 og 7 og hluti 8. flytjast í nýja 5. grein:

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins starfsárs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi og fer hver einstaklingur með eitt atkvæði á fundinum. Hafi félagsmaður ekki greitt félagsgjald fyrir aðalfund, hefur hann ekki atkvæðisrétt á aðalfundi og er ekki kjörgengur í stjórn og nefndir.

8. grein: Aðalfund félagsins skal halda í október ár hvert og skal hann boðaður með minnst 10 daga fyrirvara. Einstaklingar sem gengið hafa í ÍFHK fara með eitt atkvæði á fundinum.

Verður að 6. grein: (Síðasti málsliður fluttur í 5. grein.)

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. ágúst ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál

9. grein: Stjórn félagsins skal kjörin á aðalfundi til eins árs í senn. Formaður, sem er kosinn í sér kosningu og skal hann kosinn til eins árs í senn. Síðan skulu tveir menn kosnir til stjórnar árlega, til tveggja ára í senn. Stjórn skiptir með sér verkum og skal vera skipað í embætti varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Sé formaður kosinn úr stjórn eftir árs stjórnarsetu, af tveimur, skal kosið í stað þess stjórnarmanns til eins árs. Ef stjórnarmaður hættir áður en kjörtíma hans lýkur, þá tekur varamaður sæti í stjórn og síðan kosinn nýr varamaður á næsta aðalfundi félagsins.

Einnig skal kjósa tvo varamenn í stjórn, formenn nefnda og skoðunarmann reikninga til eins árs í senn.

Verður 7. grein:

Stjórn félagsins skal skipuð 5-7 félagsmönnum, formanni og 4 – 6 meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi. Einnig er heimilt að kjósa allt að 8 varamenn. Formaður skal kosinn í sér kosningu til eins árs í senn. Síðan skulu 2 – 3 meðstjórnendur kosnir til stjórnar árlega, til tveggja ára í senn. Stjórn skiptir með sér verkum og skal vera skipað í embætti varaformanns, ritara, gjaldkera og meðstjórnanda. Ef stjórnarmaður hættir áður en kjörtíma hans lýkur, þá tekur varamaður sæti í stjórn og síðan kosinn nýr varamaður á næsta aðalfundi félagsins.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til funda.

(flutt úr grein 10)

Stjórnin getur enga fullnaðarákvörðun tekið, nema þrír stjórnarmenn séu henni fylgjandi. Stjórnin getur vikið mönnum úr félaginu álíti hún framkomu þeirra félaginu til vansa. Þó getur viðkomandi óskað þess að málið verði tekið fyrir á félagsfundi.

Firmarritun er í höndum meirihluta stjórnar.

Ný 8. grein:

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega.

Ný 9. grein:

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til reksturs og starfsemi ÍFHK og til að mæta rekstrartapi á komandi árum. Félagsmenn njóta ekki fjárhagslegs ávinnings af starfsemi félagsins.

10. grein: sleppa en sumu í rauðu mætti sauma við grein 7

Stjórninni ber að gæta hagsmuna félagsins. Hún ber ábyrgð á eignum þess og boðar til funda. Stjórnarfundir skulu haldnir að jafnaði mánaðarlega. Stjórnin getur enga fullnaðarákvörðun tekið, nema þrír stjórnarmenn séu henni fylgjandi. Stjórnin getur vikið mönnum úr félaginu álíti hún framkomu þeirra félaginu til vansa. Þó getur viðkomandi óskað þess að málið verði tekið fyrir á félagsfundi. (flutt í 7)

11. grein:

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi félagsins með einföldum meirihluta greiddra atkvæða. Allar tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn amk. 14 dögum fyrir aðalfund. Kynning á lagabreytingum verður kynnt í aðalfundarboði til félagsmanna.

Verður 10. grein:

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi félagsins með einföldum meirihluta greiddra atkvæða. Allar tillögur um lagabreytingar verða að hafa borist stjórn amk. 14 dögum fyrir aðalfund. Kynning á lagabreytingum verður kynnt í aðalfundarboði til félagsmanna.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess til þeirra góðgerðarmála sem ákveðin verða á slitafundi.